Stjórn Eldingar

Stjórn Eldingar kom saman til fundar 12. janúar 2009. Meðal þess sem samþykkt var á fundinum var eftirfarandi:

„Stjórn Eldingar tekur heilshugar undir með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um tafarlausa aukningu aflamarks í þorski um að minnsta kosti 50 þúsund tonn á þessu ári.
Jafnframt um betri nýtingu línuívilnunarinnar.

Stjórn Eldingar gagnrýnir harðlega ágiskanir Hafró varðandi stofnstærð þorsks.
Fjölmargir aðilar, meðal annars smábátamenn, vöruðu við niðurskurðinum árið 2007 sem valdið hefur þjóðinni stórtjóni í töpuðum mörkuðum fyrir þorsk.
Nú hefur Hafró loksins fundið þorskinn en trúir ekki sínum eigin tölum. Fjöldi sjómanna hefur bent á að mun meiri þorskur er á slóðinni en áður og alls engin tilfinning að þorskstofninn sé að niðurlotum kominn þannig að ljóst er að niðurskurður þorskkvótans var stórkostlegt slys og tjón fyrir þjóðina.

Þá samþykkti stjórn Eldingar áskorun til stjórnvalda um að hefja hvalveiðar strax á vori komandi, þar með talið smáhveli til dæmis höfrung og hnísu.

Stjórn Eldingar lýsir yfir ánægju með val á Vestfirðingi ársins og telur Egil Kristjánsson trillusjómann frá Suðureyri vel að þeirri sæmd kominn.“